

# Heimsókn til Dalhousie University í Halifax, Kanada 11.6-12.6 2018. Eva Marín Hlynsdóttir tók saman

Dalhousie háskólinn í Halifax fagnar núna 200 ára afmæli sínu, þeir bjóða upp á fjölbreytt nám. Ég heimsótti þann hluta skólans sem heldur utan um endurmenntun (**Continuing Education**). En ástæðan fyrir að þessi skóli þótti áhugaverður til að heimsækja er að þau bjóða upp á fjölbreytt diplómanám fyrir sveitarstjórnarfólk í gegnum fjarnám. Einnig er boðið upp á MPA nám í fjarnámi við skólann. Tengiliður minn við skólann var Shelby Lang en hún er verkefnisstjóri fyrir sveitarfélaganámið. Í samtali við Andrew Cochrane kom fram að háskólinn væri mjög framarlega í fjarkennslu og notaði hana mikið. Sem dæmi var nefnt að félagsráðgjöf væri algerlega á netinu. Þeirra mottó væri að „**Reach people where they are, when we can.**“ Skólinn er með mikinn fjölda af diplómanámslínum sem eru meira eða minna allar á netinu. Skólinn nýtir sér kennslumiðstöð háskólans mikið til að skipuleggja og halda utan um nám. Þau nota líka aðstoðarkennarar (TA) töluvert mikið, sérstaklega þegar kennt er í gegnum streymi og verið að bjóða upp á samskipti nemenda og kennara í slíkum tímum (interactive).

Cochrane bendir á að fjarnámið sér tímafrekara og það þurfi að sinna nemendum meira. En skilningur á eðli fjárnáms virðist vera ólíkur eftir skólum, hann bendir á að víða sé litið á fjarnám sem ódýrari kost því maður sparar í stofum en annars staðar sé greitt meira fyrir slíka kennslu því hún er tímafrekari og það þarf fleira aðstoðarfólk.

En heilt yfir telur hann að þetta sé framtíðin, þau nota streymi töluvert í kennslu og það gerist æ oftar að nemendur mæta ekki á staðinn. Nýting á byggingum sé því almennt slæm.

- Shelby Lang
- Markus Sharaput, Graduate Coordinator for the MPA program
- Robert (Bob) Doherty, M.Sc., LL.B. – Instructor with the Local Government Program
- Andrew Cochrane, Dean Dalhousie College of Continuing Education
- Jack Novack, Director of the Local Government Program, Adjunct Professor Faculty of Graduate Studies and Professor of the Local Government course for the MPA program at Dalhousie

**Skólinn notar Brightspace (einfalda útgáfu). Shelby benti á að þeirra námslína væri sá hópur sem notaði þetta kerfi mest, þau væru jafnframt sú lína sem væri mest á netinu. Kanda skiptist í fimm tímabelti og þessvegna er fjarnámið mjög heppileg leið til að koma til móts við ólíka hópa.**

Það er engin miðlæg stjórnarsýsla við deildina og hvert prógramm er mjög sjálfstætt og það er lítil þverun t.d. OB námskeið kennt hjá þeim, og hjá löggunáminu og hjá slökkviliðinu.

Hlutverk Shelby er að vera „program manager“, sér um að setja upp námskeiðin, og fylgist með að stöðlum (sem þau hafa sett sér) sé fylgt. Sér líka um alla stjórnarsýsluna og markaðsmálin. Þau eru með 150-170 virka nemendur en fleiri sem eru óvirkir. Vinna mikið með samböndum sveitarfélaga að því að setja upp námið. Eru búin að hasla sér völl á

vesturströnd Kanada líka. Þau voru lengi eini skólinn með þetta nám en núna eru komnir fleiri. Þau eru bara tvö fastráðin hún og Jack Novak, hann er með TA sem er aðstoðarmanneskja en þau nota mikið sérfræðinga í það hlutverk minna um að nemendur séu að sinna þessu.

### Einkenni á þeirra námslínu

- Allt er kennt í 2 vikna modules- þar sem sama efnið er til umræðu í 2 vikur
- Nota mikið pdf skjöl í staðin fyrir glærur (þetta er þó að breytast og upptökur eru að koma í staðin)
  - Líklega ástæða er sú að námið byggir á gömlu bréfaskólakerfi
- Nota mikið umræðuþræði á netinu- mikill tími fer í að halda utan um umræðuþræðina.
  - Nemendur svara spurningum og gefa álit á verk annarra
- Viðtöl við stjórnendur eru oft tekin upp og sett á netið (góður ipad og hljóðnemi er nóg).
- Nýta sér gestakennara
  - Samskipti á umræðuþráðum, settar eru inn spurningar og gestakennarar kommenta á svör nemenda og svara spurningum sem vakna. Hver lota tekur 2 vikur og hver gestakennari getur eytt töluvert miklum tíma í þessi samskipti. (þeim er ekki greitt fyrir þetta, Shelby segist gefa þeim litlar gjafir í lokin). Gestakennarar eru oft stjórnendur og geta verið staðsettir út um allt land.

**Hver kennari getur notað ólíkar aðferðir til dæmis eftir því hvað hópar eru stórir. Þannig notar Robert (Bob) Doherty, mikið streymi í sinni kennslu (bíður alltaf upp á interactive nálgun) hann notar einnig ákveðið „vinnuherbergi“ á netinu þar sem nemendur vinna saman að til dæmis hópaverkefnum. En hann bendir líka á að hans hópar séu tiltölulega litlir. Hann gerir ráð fyrir með 1-2 tímum í stjórnun á viku og svo um 10 tímum í kennslutengt efni.**

### Almennt um námið eftir samtali við Jack Novak og Shelby Lang

Progammið hefur ekkert core funding, heldur verða að standa undir sér. Þegar þau fóru fyrst af stað þá fengu þau sérfræðinga til að hanna námskeiðin. Jack telur að gæðin hafi aukist mikið í náminu þegar það fór á netið. Þau fengu líka kennslusálfræðinga (educationalist psychologist), lögðu mikla áherslu á að auka gagnrýna hugsun hjá nemendum. Notuðu líka „instructional designer“. Einnig var gætt mikið upp úr hæfniviðmiðum við skipulag námsins.

Þegar námið var skipulagt þá farið í mikla teymisvinnu við skipulagið, fengu „course editor, instructional designer, top leaders of academia og í administration“ (mjög stór nöfn sem þau nefndu). Þetta varð að vera solid, voru 9-18 mánuði að hanna þetta og það kostaði fúlgur fjár. Hugmyndin er að þetta sé á sama stigi og 2 árs námskeið í BA námi.

Einnig var mikið lagt upp úr að „Subject matters experts“ kæmu að hönnun námskeiðanna.

Þau vildu ekki fara functional leiðina þ.e. að það sama gildi fyrir alla t.d. teymisvinna sé eins alls staðar. Þau vildu fara public value leiðina og láta fólki líða eins og það væri að gera eitthvað merkilegt.

Lögðu mikla áherslu á degree of learning, einnig á learning experience og assessment.

Hann leggur áherslu á það við sína kennara að þeir séu að „facilitating the learning of others“.

Þau senda líka oft TA fólk á staðinn þegar það eru námskeið.

Notast við KOLB learning style, hefur verið metið sem slíkt.

<https://simplypsychology.org/learning-kolb.html>

Jack segist leggja mikla áherslu á þrennt : Innihaldið (content), samhengið (context) og kennslufræði (talar um Malcom Knowles).

Þau reka leiðbeinendur sem standa sig ekki eftir annað skiptið.

Hann vinnur 5-10 tíma á viku við námskeið að jafnaði. Þau tala líka við nemendur árlega og athuga hvernig þau hafi það og fá tips um hvað gekk vel og hvað ekki eins vel.

**MPM námið er tvískipt annars vegar er staðnám og hins vegar er fjarnám. Þetta er mjög dýrt nám og það eru fjöldatakmörkanir. MPM námið í fjarnámi telur um 150 nemendur á mismunandi stigum, það nám er kennt sem nám með vinnu.**

- Mikið er lagt upp úr umræðum á netinu
- 2.5 dags „intensive session“ í lokin sem er dreift um landið.
- Kennslunálganir eru mjög fjölbreyttar, allt frá upptökum, í beint streymi (kennari streymir oftast að heiman). Gestakennarar koma yfirleitt í staðloturnar og þá eru líka tekin próf á staðnum.
- Námið telur 13 námskeið en enga ritgerð, þau taka yfirleitt 1 námskeið á önn gert er ráð fyrir á milli 10-20 klst vinnu við námskeiðið. Það eru 3 annir og þau eru svona 4.5 ár að klára mega vera allt að 7 árum.
- Þau leggja mikið upp úr samræmdu útliti í prógramminu (öll prógrömmun í skólanum gera það) og nýta sér „structural designer“ til að hanna síðurnar og halda utan um það.
- Þau hafa nýtt sér hópavinnu í gegnum Brightspace en hún viðurkennir að það sé flókið að halda utan um það. En þau hafa notað leiðbeiningar fyrir „virtual teams“ til að halda utan um hópavinnuna.
- Ertu oft með gestakennara í streymi, en þá er allt á netinu, gestakennari á einum stað, kennari á öðrum og nemendur út um allt.
- Það er mikið lagt upp úr því að kenna nemendum tímastjórnun í þessu námi

Innanhúsupplýsingar: Shelby benti á að það væri mjög mikið af stundakennurum að kenna í náminu. Og að námslínan væri í vandræðum þar sem nemendur væru of lengi í gegnum námið og það væri mjög dýrt. Fleiri væru á þeim markaði og þau væru varla samkeppnishæf.

#### Niðurstöður

Heilt yfir þá var um áhugaverða ferð að ræða, sem var mjög gagnleg til að átta sig á hvernig skipulagi fjarnáms er háttað við þennan háskóla. Heimsóknin og skýrslan varpaði ljósi á ýmsa þætti sem hafa þarf í huga áður en lengra er haldið í endurskipulagningu á fjarnámi.